

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

834. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 10. júní 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við sviðsstjóra og rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.
2. Bréf Aðalheiðar Böðvarsdóttur og Þorsteins Sigurjónssonar.
3. Erindi Icelandic Water Export.
4. Aðalfundarboð Grettistaks ses.
5. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
6. Erindi Guðnýjar Helgu Björnsdóttur og Jóhanns Birgis Magnússonar.
7. Erindi Umf. Kormáks.

Afgreiðslur:

1. Sviðsstjóri og rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs eru mættir til fundar við byggðarráð. Farið yfir helstu atriði sem verið er að vinna við s.s. framkvæmdir við vatnsrennibraut við sundlaugina, skipulagsmál, tilfallandi viðhald eigna, fráveitumál ofl. Rekstrarstjóri greindi frá tilboðum í vinnu við lagningu hitaveitu í Línakradal. Þrjú tilboð bárust. Byggðarráð samþykkir að taka tilboði frá lægstbjóðanda Vinnuvélum Símonar ehf. að upphæð kr. 24.961.600 með vsk.
2. Lagt fram bréf Aðalheiðar Böðvarsdóttur og Þorsteins Sigurjónssonar dags. 30.05.2014, uppsögn á leigusamningi um Barnaskólahús Staðarhrepps á Reykjatanga.
3. Erindi frá Icelandic Water Export dags. 26.05.2014. Þar sem óskað er eftir að núgildandi tímamörk samkvæmt ákvæði 2.1 í viðauka við vatnssölusamning sveitarfélagsins og IWE fyrir upphaf átöppunar og sölu vatns verði framlengd til næstu áramóta. Erindinu vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.
4. Lagt fram aðalfundarboð Grettistaks ses, sem haldinn verður miðvikudaginn 11. júní nk. kl. 16:00 á Hlöðunni. Byggðarráð samþykkir að tilnefna í stjórn Berglindi Guðmundsdóttur sem aðalmann og Friðrik Jóhannsson sem varamann til næstu tveggja ára. Byggðarráð samþykkir að formaður byggðarráðs verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
5. Lagt fram til kynningar bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags.28.05.2014, um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkisins og sveitarfélaga. Byggðarráð felur sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs að leggja fram viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2014 í samræmi við ofangreint.
6. Lagt fram erindi frá Guðnýju Helgu Björnsdóttur og Jóhanni Birgi Magnússyni dags. 4.júní 2014, þar sem óskað er eftir að Tónlistarskóla Húnaþings vestra verði heimilað að ráða Pál Eyjólfsson, tónlistarkennara við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar í stundakennslu til að kenna syni þeirra Magnúsi Birni til miðstigs í klassískum gítarleik. Fyrir liggur bréf Elínborgar Sigurgeirsdóttur skólustjóra tónlistarskólans, þar

sem hún mælir eindregið með að byggðarráð samþykki umrædda beiðni. Byggðarráð samþykkir erindið.

7. Lagt fram erindi Umf. Kormáks dags. 02.06.2014, þar sem óskað er eftir styrk vegna kaupa félagsins á bifreið. Fram kemur að kaupverð bifreiðarinnar er kr. 3.200.000 og að þegar hafa safnast styrkir frá fyrirtækjum að upphæð kr. 1,500.000. Erindinu vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.
8. Lagður fram verkefnalisti vegna flutnings skóla frá Laugarbakka til Hvammstanga. Verkefnalistanum vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar
9. Lagt fram erindi frá SSNV, þar sem óskað er umsagnar vegna breytinga sem áður hafa verið kynntar varðandi embætti sýslumanna og lögreglustjóra. Frestur til að veita umsagnir er til 1. júlí nk. Erindinu vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.
10. Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi bókun „Undirritaður færir sveitarstjórnarmönnum, starfsmönnum og íbúum Húnaþings vestra þakkir fyrir árangursríkt samstarf og góð samskipti á sl. 12 árum.“ Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:04

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal

Stefán E. Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Áheyrnarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson